

REGLUGJÖRÐ**84**
29. des.

um

sölu áfengis til lækna, dýralækna, tannlækna, lyfjabúða og annara,
og um áfengisskömtun handa þeim.

1. gr.

Læknar er lyfsölurjett hafa, fá ómengað áfengi frá áfengisverslun ríkisins. Skal þeim skamtað áfengið í hlutfalli við mannfjölda í læknishjæraðinu, þannig að ekki komi yfir $\frac{1}{25}$ lítra á mann um árið, enda sje hjæraðslæknir einn í hjæraðinu. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt læknum, er sitja í kaupúnum, leyfi til viðbótar við þennan skamt svo að hann getur orðið alls alt að $\frac{1}{20}$ lítra á mann.

2. gr.

Embættislausir læknar, er stunda lækningar þar sem ekki er lyfjabúð, fá einnig áfengi beint úr áfengisverslun ríkisins, og ákveðst skamturinn þeim til handa þannig, að skamtur hjæraðslæknis og þeirra verði til samans um $\frac{1}{25}$ lítra á hvern mann í öllu læknishjæraðinu árlangt.

3. gr.

Í þeim hjeruðum þar sem lyfjabúð er rekin, ein eða fleiri, hafa þar búsettir læknar leyfi til að ávísa áfengi og áfengum lyfjum úr lyfjabúð til lækninga og fá þeir til þess hver um sig árlega alt að því 200 tölusett eyðublöð, 50 í byrjun hvers ársfjórðungs, sbr. 2., 6. og 7. gr. í i reglugjörð um sölu áfengis til lækninga.

Nú færir læknir ljósar líkur fyrir því, að hann vegna mikillar aðsóknar geti ekki komist af með 200 eyðublöð á ári, og getur heilbrigðisstjórnin þá heimilað honum viðbót, enda sje ítarlega skýrt frá ástæðum til undanþágunnar í ársskýrslunni um áfengisútlát. Læknar mega ekki af sínum eyðublöðum lána nokkuð eða afhenda á annan hátt til annara lækna. Um hver áramót skulu læknar senda landlækni það, sem þeir kunna þá að eiga afgang af eyðublöðum, og jafnframt yfirlýsing, um að afgangur sje ekki meiri en sendur er.

4. gr.

Dýralæknar og tannlæknar geta fengið sem svarar 1 lítra á mánuði hver af hreinum vínanda hjá áfengisverslun ríkisins. Ef alveg sjerstaklega stendur á mega læknar þessir fá meira áfengi til umráða, en til þess þarf sjerstakt leyfi dómsmálaráðherra í hvert sinn. Slíkar und-

84 anþágur skulu jafnan tilgreindar í skýrslum um áfengisútlát það ár, 29. des. svo og ástæður til hvernar slíkrar undanþágu.

5. gr.

Lyfjabúðir fá ómengað áfengi frá áfengisverslun ríkisins. Skal ríkisstjórnin skamta þeim áfengið, og miða við mannfjölda í því hjeradi, er sókn á að lyfjabúðinni, þannig að eigi komi meira en $\frac{1}{15}$ lítra áfengis á hvern mann árlega.

Nú eru fleiri en ein lyfjabúð í sama kaupstað, og skal þá miða áfengisskamt hvernar þeirrar við viðskiftamagn þeirra, einkum tölu afgreiddra lyfseðla yfirleitt.

Ef lyfjabúð telur sig afskifta um áfengisskamt, má veita henni viðbót nokkra, svo framarlega sem viðskifti hennar (lyfseðlafjöldi) hefir greinilega aukist. Svo skal og draga úr skamti lyfjabúðar, ef viðskifti hennar yfirleitt fara þverrandi.

6. gr.

Læknar, dýralæknar og tannlæknar, sem eru búsettir þar sem ekki er lyfjabúð, skulu vera bundnir við hinn ákveðna áfengisskamt og mega ekki afla sjer áfengis annarsstaðar en hjá áfengisverslun ríkisins, nema því aðeins að ís eða ótíð teppi flutninga frá Reykjavík. En þá skal í hverju einstöku tilfelli gefa áfengisverslun skýrslu um málið.

7. gr.

Ómengað áfengi skal selt læknum, dýralæknum, tannlæknum og lyfjabúðum gegn borgun út í hönd, en með kostnaðarverði.

8. gr.

Ríkisstjórninni ber skylda til að láta birta einu sinni á ári, í febrúar, ítarlega skýrslu um áfengisútlát lækna og lyfjabúða á undangengnu ári, þannig að miðað sje við áramót. Skal þar tilgreina skamt hvers læknis og lyfjabúðar, svo og fólksfjölda í hlutaðeigandi hjeradi. Ennfremur skal tilgreina að því er snertir lækna, er eiga aðgang að lyfjabúð, tölu lyfseðla hvers þeirra yfirleitt, tölu áfengislyfseðla, og samanlagt áfengismagn, er hver slíkur læknir hefir útdeilt með áfengislyfseðlum á undangengnu ári. Hafi læknir eða lyfjabúð fengið auka-skamt af vínanda, skal ítarlega skýrt frá ástæðum hvernar einstakrar undanþágu (sbr. 4. gr.).

9. gr.

Um brot gegn þessari reglugjörð fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1929.

84

29. des.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desbr. 1928.

Jónas Jónsson.

*Sigfús M. Johnsen.***REGLUGJÖRÐ**

um

sölu áfengis til lækninga.

85

29. des.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir nefndum lögum.
2. Rjett er, að læknar, sem lyfsölurjett hafa, afli sjer áfengis og áfengra lyfja frá áfengisverslun ríkisins eða einhverri lyfjabúð hjer á landi, og sendi þá jafnan skriflega sundurliðaða kaupbeiðni. En seljandi skal geyma allar slíkar kaupbeiðnir.
3. Þá er smáskamtalæknum heimilt að kaupa smáskamtalyf með vínanda í í lyfjabúðum. En þeir skulu þá eins og hjeraðslæknar jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarpresti. Má vínandinn í þeim lyfjum ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandinn geyma, sbr. 2. lið þessarar greinar.

2. gr.

„Ómengað áfengi“ (”áfengi eða áfeng lyf“, sbr. 21. gr. laga nr. 64 frá 1928) merkir vínanda (spiritus), Konjak (spir. vini Gallici), vín, sem lggilt er til lækninga og allskonar vínanda — konjaks- og vínblöndur, sem innihalda yfir 5% af hreinum vínanda (spiritus concentratus) — með þeim undantekningum, er hjer segir:

1. Áfengi, sem talið er fullmengað eða hálfmengað, samkvæmt gildandi reglum.